



Nefnd vegna byggingu húsnæðis fyrir slökkvistöð á Borg

Fundargerð.

1. fundur nefndar vegna byggingu húsnæðis fyrir slökkvistöð á Borg var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 4. júní 2025 kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Nefndarmenn:

Smári B. Kolbeinsson, fulltrúi sveitarstjórnar og formaður nefndar
Björn K. Pálmarsson, fulltrúi sveitarstjórnar

Starfsmenn nefndarinnar:

Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður framkvæmda- og veitna.

Aðrir:

Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnar Guðmundsson.

1. Farið var yfir skipunarbréf nefndarinnar
2. Farið yfir næstu skref og tímalínu verks. Áætluð verklok árið 2026 og verður tímalína miðuð við það. Sveitarfélagið skal vera framkvæmdaraðili.
3. Farið yfir deiliskipulag, skipulag er í auglýsingu.
4. Ítrekað að allur frágangur við byggingu skuli vera sem snyrtilegastur og að prýði skuli vera af húsnæðinu. Reikna skal með að framhlið húss snúi í norður. Hanna þarf lóð og athuga tengingar við næstu landeigendur.
5. Athuga þarf með jarðvinnu haustið 2025.
6. Næstu skref ákveðin sem fundur með Hjálparsveitinni Tintron og Brunavörnum Árnessýslu. Formaður nefndar hefur samband við Hjálparsveitina varðandi tímasetningu.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 13:40.